

Fundargerð

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 18. október 2023 kl. 21:00.

Mætt: Aldís Rún Lárusdóttir, Víðir Þórarinnsson, Rikke Pedersen, Súsanna Pétursdóttir, Þorleif Kristín Hauksdóttir, Elín Hanna Pétursdóttir, Agnes Valdimarsdóttir, Guðbjörg Benjamínsdóttir, Sara Haynes, Helga Guðný Sigurðardóttir, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir.

Allir stjórnarmenn mættu á fundinn og kynntu sig og sögðu hvaða börn þeir ættu í skólanum og í hvaða árgangi.

1. Rætt um fundargerðir

Ákveðið að þegar fundargerðir stjórnarfunda eru tilbúnar megi senda þær til ritara. Ritari setur fundargerð inn á Facebook-síðu hópsins og þegar komin eru 6 „like“ á hana má senda hana til skólaritara.

2. Umræða um fjármál

Gjaldkeri upplýsti um jákvæða fjárhagsstöðu félagsins. Farið var yfir málið varðandi skákstyrkinn sem fékkst, en áður hafði tiltekin fjárhæð verið eyrnamerkt til að kaupa skákborð. Af þeim sökum er til inneign á bankareikningi og hana má gjarnan nýta. Sú hugmynd kom fram að hækka bekkjarstyrkina. Aldís kom fram með þá hugmynd að fá 10. bekk til að sjá um t.d. hoppukastala á góðgerðardeginum gegn því að fá styrk frá félaginu. Rætt var um að að þörf væri á að virkja foreldra unglínganna til að fá þau til að mæta og taka þátt. Þannig myndu krakkar í 10. bekk taka vaktir. Umræða varð um að láta 7. bekk vita tímanlega að þau sjái um kaffihúsið á góðgerðardaginn. Þrátt fyrir jákvæða fjárhagsstöðu var ákveðið að halda áfram að innheimta félagsgjöldin. Á næsta fundi verða ræddar fjárhæðir styrkja o.s.frv.

3. Umræða um pósthólf félagsins

Ákveðið að formaður og ritari fylgist með pósthólfi félagsins.

4. Umræða um foreldraröltið og bekkjarfulltrúa

8. bekkur vann foreldraröltið og fær verðlaun vegna þess. Röltfulltrúi upplýsti að röltið hafi gengið vel og að foreldrar 5. bekkjar hafi komið sterkir þar inn. Vestin eru komin í Krambúðina. Rætt var um nýlegt atvik þegar foreldraröltið sá ungmenni sem útskrifuðust nýlega úr skólanum í annarlegu ástandi við íþróttahúsið. Var þá hringt á lögreglu en krakkarnir voru farnir þegar lögreglan mætti.

Það á eftir að uppfæra lista yfir bekkjarfulltrúa og senda pósta ef stöður bekkjarfulltrúa hafa ekki verið mannaðar í einhverjum bekkjum.

5. Samkóp

Rætt um fræðslufundi frá Heimili og skóla í tengslum við að endurvekja foreldrastarf. Rikke setti inn link um forvarnarvikuna og upplýsti að komið hefði gátlisti vegna eineltis frá menntasviði Kópavogsbæjar. Þeim lista á að skila af hálfu foreldrafélagsins. Ef vilji er til þess að fá fræðslu fyrir bekkjarfulltrúa frá Heimili og skóla þarf að ákveða slíkt fljótlega. Hugmynd kom fram um að slíkt yrði gert annað hvert ár. Slíkum fundi yrði sleppt í ár (2023). Rikke ætlar að reyna að fá glærur með slíkri fræðslu.

6. Skákviðburður

Á síðasta fundi var í gangi vinna við að reyna að móta skákviðburð í skólanum og hefur Víðir unnið í þessum málum. Hann upplýsti að skákkennarinn Ingi Tandri væri til í að koma á slíkan viðburð. Hugmyndin er að byrja með slíkan viðburð fyrir 3. bekk. Haldið verður svokallað kaffihúsaskákmót á mánudegi eða miðvikudegi kl. 15-17. Hægt er að setja upp skákborð í salnum og rætt að hafa eitthvað kerfi á skákinni. Hægt er að taka myndir á viðburðinum og setja inn á Facebook. Svo er hægt að bjóða fram aðstoð ef fleiri árgangar vilja fá slíkan viðburð. Til eru bæði skákborð og skákkluður. Helga Guðný mælti með því að halda spilakvöld fyrir krakkana, t.d. félagsvist. Víðir ætlaði að hafa samband við bekkjarfulltrúa í 3. bekk.

8. Jólaföndur

Rætt var um jólaföndrið og tímasetningu þess. Ekki hefur verið ákveðin tímasetning en upplýsingar um það verða sendar út um leið og hún liggur fyrir. 10. bekkur mun sjá um kaffisölu. Foreldrafélagið keypti föndurdót í fyrra og kláraðist nánast allt. Sara sér um að skipuleggja jólaföndrið og virkja foreldra. Samskiptastjóri stjórnar kemur tímasetningu á föndrinu á framfæri.

9. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund 7. nóvember kl. 20:00.

10. Fleira ekki gert og fundi slitið